

## Lögbannsbeiðni:

Gerðarbeiðandi: Samtök herstöðvaandstæðinga (kt. 451277-0579), Huldubraut 29, 200 Kópavogi.

Málsatvik: Aðdragandi máls þessa er sá, að varnaraðilar, Valgerður Sverrisdóttir, utanríkisráðherra, kt. 230350-4939, Lómatjörn, 601 Akureyri, og Geir H. Haarde, forsætisráðherra, kt. 080451-4749, Granaskjóli 20, 107 Reykjavík, hyggjast sækja ráðherrafund Atlantshafsbandalagsins (NATO) sem fram fer í Riga, Lettlandi, dagana 28.–29. nóvember nk. Fyrir liggur að á fundinum verða ræddar og teknar ákvarðanir um hernaðarhlutun bandalagsins í Afganistan, en þar liggur nú höfuðáherslan í starfi bandalagsins. Einnig er ljóst að teknar verða ákvarðanir um aðkomu bandalagsins að hernaði í Írak.

Samkvæmt framangreindu liggur fyrir að utanríkisráðherra og forsætisráðherra munu með beinum hætti eiga persónulega aðkomu að því að skerða ákveðin grundvallaréttindi sem vernduð eru bæði í íslenskum lögum og alþjóðlegum mannréttindasamningum sem Ísland hefur gerst aðili að. Er þar helst að nefna ákvæði 2. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem hefur lagagildi á Íslandi, sbr. lög nr. 62/1994, og 6. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi.

**Krafa:** Að lagt verði lögbann við því að gerðarpolar og/eða nokkur fyrir þeirra hönd saki fund Atlantshafsbandalagsins í Riga 28.– 29. nóvember nk. og/eða hlutist að nokkru leyti til um hernaðaraðgerðir, hvort sem er á fundinum sjálfum eða fyrir annan atbeina á vettvangi bandalagsins umrædda daga.

**Aðild:** Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990, um kyrrsetningu, lögbann o.fl., getur hver sem er krafist lögbanns sem sannar að yfirvofandi athöfn brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans. Samkvæmt 2. gr. samþykktu Samtaka herstöðvandstæðinga er það mark-

mið samtakanna að Ísland segi upp aðildinni að NATO og standi utan allra hernaðarbanda- laga. Samtök herstöðvaandstæðinga berjast enn fremur gegn hvers kyns kjarnorkuvígbúnaði og taka þátt í alþjóðlegu friðarstarfi. Í ljósi þeirra sjónarmiða er leidd verða af 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, en þar segir að félög eða samtök manna geti í eigin nafni rekið mál til viðurkenningar á tilteknum réttindum félagsmanna eða lausnar undan tilteknum skyldum þeirra, enda samrýmist það tilgangi félagsins eða samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem dómkrafan tekur til, hlýtur félagið að teljast aðili málsins.

Að því er varðar aðild félagsins skal einnig tekið fram að í norrænum rétti hefur verið viður- kennt að samtökum sem standa vörð um mikilvæg grundvallarréttindi sem vernduð eru í alþjóðlegum samningum skuli játaður rýmri málssóknarréttur en almennt gerist, enda er hætt við að mikilsverð réttindi fari annars forgörðum. Í þessu sambandi er vísað til dóms Hæstaréttar Danmerkur sem birtur er í UfR 1994:780. Enn fremur má í þessu sambandi vísa til UfR 1999:367, þar sem Hæstiréttur Danmerkur féllst á aðild samtaka umhverfisverndarsinna í máli þar sem félagið hafði uppi kröfu um að umferðarráðuneytið yrði skyldað með dómi til að viðurkenna að bygging Eyrarsundsbrúarinnar hefði ekki samrýmst tilskipun Evrópusambandsins um umhverfisssmat.

Þessi sjónarmið eiga sérstaklega við í tilviki sem þessu enda er skilyrðislausum rétti afgangskra og íraskra borgara sem dveljast á umræddu landsvæði til lífs teflt ótvírætt í tvísýnu með umræddri hernaðaríhlutun. Þar sem þessir aðilar eiga þess engan raunhæfan kost að leita réttar síns fyrir íslenskum stjórnvöldum og dómstólum felst eini kostur verndar þeirra að þessu leyti í því að íslensk friðarsamtök taki að sér fyrirvar þeirra.

### **Rökstuðningur:**

Rétturinn til lífs er talinn til mestu grundvallarréttinda af öllum þeim réttindum sem vernduð eru í alþjóðlegum mannréttindsáttmálum sem og meginreglum þjóðaréttar, enda er hann forsenda þess að menn fái yfirleitt notið annarra réttinda. Þannig segir í 2. gr. mannréttinasáttmála Evrópu sem hefur lagagildi hér á landi, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994, um mannréttinasáttmála Evrópu. Í 1. mgr. 2. gr. mannréttinasáttmálans segir svo:

„Réttur hvers manns til lífs skal verndaður með lögum. Engan mann skal af ásettu ráði svipta lífi, nema

sök sé sönnuð og fullnægja skuli refsidómi á hendur honum fyrir glæp sem dauðarefsingu varðar að lögum.“

Enn fremur segir í 1. mgr. 6. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem fullgiltur hefur verið af Íslands hálfu, sbr. auglýsingu nr. 10/1979 sem birt var í C-deild Stjórnartíðinda, 28. ágúst 1979, að sérhver maður hafi meðfæddan rétt til lífs og að þennan rétt skuli vernda með lögum. Jafnframt segir þar að engan mann megi svipta lífi að geðþótta. Í 3. mgr. 6. gr. segir enn fremur að þegar svipting lífs feli í sér hóp morð skuli ljóst vera að ekkert í þessari grein skuli heimila neinu ríki sem aðili er að samningi þessum að víkja á nokkurn hátt frá neinni skyldu sem það hefur gengist undir samkvæmt ákvæðum sáttmálans um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir hóp morð.

Meginskylda íslenskra stjórnvalda og ráðamanna lýtur vitaskuld að því að deyða ekki eigin borgara. Skyldu ríkisvaldsins lýkur þó ekki þar heldur hefur hún rýmra gildissvið. Þannig bera ríki jákvæðar skyldur til að virða rétt manna alls staðar til lífs, sbr. 6. ályktun mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá 1989.

„The protection against arbitrary deprivation of life which is explicitly required by the third sentence of article 6 (1) is of paramount importance. The Committee considers that States parties should take measures not only to prevent and punish deprivation of life by criminal acts, but also to prevent arbitrary killing by their own security forces. The deprivation of life by the authorities of the State is a matter of the utmost gravity. Therefore, the law must strictly control and limit the circumstances in which a person may be deprived of his life by such authorities.“

Tekið skal fram að aðildarríkin bera sérstakar skyldur að því varðar hernað. Þannig hefur mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna talið að 6. gr. samningsins leggi þá skyldu að draga úr styrjöldum og hernaðaríhlutun með öllum tiltækum ráðum:

„The Committee observes that war and other acts of mass violence continue to be a scourge of humanity and take the lives of thousands of innocent human beings every year. Under the Charter of the United Nations the threat or use of force by any State against another State, except in exercise of the inherent right of self-defence, is already prohibited. The Committee considers that States have the supreme duty to prevent wars, acts of genocide and other acts of mass violence causing arbitrary loss of life. Every effort they make to avert the danger of war, especially thermonuclear war, and to strengthen international peace and security would constitute the most important condition and guarantee for the safeguarding of the right to life. In this respect, the Committee notes, in particular, a connection between article 6 and article 20, which states that the law shall prohibit any propaganda for war (para. 1) or incitement to violence (para. 2) as therein described. (General Comment 6).“

Þrátt fyrir að sértækar reglur eigi við að alþjóðalögum um hernað þá undanþiggja þær ekki aðildarríki þeirri skyldu að virða almennar mannréttindareglur. Í ályktun mannréttindanefnd-

ar Sameinuðu þjóðanna frá 29. mars 2004, 11. gr., er til dæmis áréttað að ákvæði sáttmálans gildi áfram í hernaði. Í ályktuninni segir orðrétt á ensku að „while, in respect of certain Covenant rights, more specific rules of international humanitarian law may be specially relevant for the purposes of the interpretation of Covenant rights, both spheres of law are complementary, not mutually exclusive. Moreover, obligations continue to apply outside a state’s territory, with respect to those “within the power or effective control” of its forces“ (11. gr.). Samkvæmt framangreindu eiga skyldur ríkisins við utan lögsögu þess, í þeim tilvikum sem herir þess og fulltrúar fara með virk yfirráð yfir landssvæði.

Alþjóðlegar mannúðarreglur eru frábrugðnar ákvæðum mannréttindasáttmála að því leyti að þær taka einungis til aðstæðna í stríði. Að því er lýtur að rétti manna til lífs er það grundvallarregla í alþjóðlegum mannúðarlögum að hvorki einstakir borgarar né borgaralegt samfélag skuli sæta árásum.

Ekki er umdeilt að hernaður Atlantshafsbandalagsins í Afganistan hefur þegar kostað fjölda óbreytta borgara lífið. Mörg mannréttindasamtök hafa orðið til þess að gagnrýna hernað bandalagsins í Afganistan. Í skýrslu mannréttindasamtakanna Human Rights Watch frá 30. október sl. segir t.d. svo um hernaðaríhlutun bandalagsins í Afganistan:

„NATO forces operating under the mandate of the International Security Assistance Force to Afghanistan (ISAF) need to take greater precautions to protect civilians and establish a program to compensate Afghans who have lost family members, are injured or suffer property damage due to their actions, Human Rights Watch said today.

Recent ISAF operations have resulted in the deaths of dozens of civilians across the country. Although an ISAF statement expressed regrets about civilian casualties, it denied any wrongdoing.

[...] “NATO’s tactics are increasingly endangering the civilians that they are supposed to be protecting, and turning the local population against them.”

According to media reports, more than 60 civilians were killed this week in heavy fighting between NATO forces and insurgent forces in the Panjwai district of Kandahar province. NATO has admitted that at least 12 civilians were killed in NATO air and ground operations in Panjwai. Another two dozen were reportedly killed last week during clashes in Kandahar and neighboring Helmand province, during which NATO used heavy aerial bombardment.“

Jafnframt kemur fram í skýrslu samtakanna að eitt stúlkubarn hafi látist og tvær 7 ára stúlkur hafi særst alvarlega við skotæfingar heraflla Atlantshafsbandalagsins á íbúasvæði 24. október 2006. Fjölmörg önnur dæmi mætti rekja um hræðilegar afleiðingar hernaðar bandalagsins í Afghanistan.(Sjá hér [http://hrw.org/english/docs/2006/10/30/afghan14475\\_txt.htm](http://hrw.org/english/docs/2006/10/30/afghan14475_txt.htm)).

F.h. Samtaka herstöðvaandstæðinga,

---

Stefán Pálsson, formaður SHA

Kt. 0804753659